

Minnisblað

Til: Umhverfis- og framkvæmdanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari, Smári Karlsson, verkefnastjóri
Dags. 4. maí 2022
Mnr. 2022030165



ÍSAFJÖRÐARBÆR

Minnisblað - Römpum upp Ísafjörð

Á 1194. fundi bæjarráðs, þann 31. mars 2022, var lagt fram erindi Þorleifs Gunnarssonar f.h. verkefnisins Römpum upp Ísland, dagsett 28. mars 2022, vegna mögulegrar þátttöku sveitarfélaga í verkefninu. Málið var lagt fram til kynningar.

Starfsmenn voru áhugasamir um málið og kölluðu eftir fundi með Þorleifi vegna verkefnisins og þann 4. maí 2022 funduðu Birgir Gunnarsson, Bryndís Ósk Jónsdóttir og Smári Karlsson með forsvarsmönnum verkefnisins til að fá frekari upplýsingar.

Verkefnið snýr að því að byggja á 1000 rampa (eða upphækkunarir) við verslanir og þjónustu einkaaðila á næstu fjórum árum og er gert ráð fyrir að 7 rampar komi á Ísafjörð, og 1-2 á aðra byggðakjarna sveitarfélagsins (fjöldi rampa fer eftir íbúatölu). Upphækkunin er gerð með því að taka upp þær hellur sem fyrir eru, bæta jarðvegi undir þannig að upphækkun/rampur myndist (kvarði 1:12), og leggja hellur aftur niður. Þannig verði auðveldara fyrir fólk í hjólastól að komast inn í viðkomandi verslun/þjónustu.

Verkefnið skaffar efni til verksins og greiðir fyrir vinnu, gegn því að kostnaður við vinnu sé lágmarkaður eins og hægt er.

Aðkoma sveitarfélagsins er sú að vera tengiliður við þá staði þar sem upphækkun er sett upp og meta með forsvarsmönnum verkefnisins hvaða staðir væru ákjósanlegir út frá skilyrðum um hæð og breidd við dyraop og að um fjölfarna þjónustu sé að ræða. Horft er til þess að hækkun sé ekki meiri en 15 cm og að um helst sé um aðalgötu að ræða.

Þá er gengið út frá því að verslunar-/veitingahúsaeygendur eigi að ganga skaðlausir frá verkinu, og þegar unnið var að verkefninu í Reykjavík náðist að setja upp tvo rampa á dag, óhagræðið ætti því að vera í lágmarki fyrir viðkomandi þjónustu. Gert er ráð fyrir að sveitarfélagið semji við verktaka um verkið eða fái starfsmönnum þjónustumiðstöðvar verkefnið. Sveitarfélagið myndi leggja út fyrir vinnunni, en fá launakostnað endurgreiddan úr sjóðum Römpum upp Ísland. Sveitarfélagið ætti því ekki að bera fjárhagslegan kostnað, annan en vinnu tengiliðs við verkefnið.

Verkefnið er mikilvægt, en þörf er á að bæta aðgengismál fatlaðra í sveitarfélaginu, bæði hjá einkaaðilum og opinberum stofnunum. Óskað er því eftir afstöðu nefndarinnar til þess hvort sveitarfélagið vilji veita málinu brautargengi.

Tengiliður verkefnisins yrði Smári Karlsson og fælist vinnan í því að kanna hvaða staðir væru ákjósanlegir til að verða hluti að verkefninu, kanna möguleika og kostnað við vinnu við upphækkun og gera samning við Römpum upp Ísland um að hrinda þessu í framkvæmd á næstu misserum. Best er að allir rampar séu gerðir á sama tíma, út frá kostnaði við efni og vinnu. Hönnun, teikningar og sérfræðiþjónusta er öll fánæg án kostnaðar hjá Römpum upp Ísland.

Neðangreint eru myndir af römpum/upphækkunum sem gerðar voru í verkefninu Römpum upp Reykjavík. Frekari upplýsingar eru á www.rampur.is

Hafnarstræti



Hverfisgata



Skólavörðustígur



Frakkastígur



Snorrabraut

